

Rennslismælingar fyrir RARIK Blönduósi

Jóna Finndís Jónsdóttir

Greinargerð JFJ-2002-02



Rennslismælingar fyrir Rarik Blönduósi

Þann 3. júlí 2002, framkvæmdu Jóna Finndís Jónsdóttir og Stefanía G. Halldórsdóttir, vatnamælingamenn á Orkustofnun, þrjár rennslismælingar fyrir Rarik á Blönduósi. Að beiðni Ásgeirs Haukssonar umdæmisstjóra Rarik á Norðurlandi vestra var rennsli um Laxárvatnsvirkjun mælt tvisvar, við mismunandi framleiðslu, auk þess var rennsli Laxár á Ásum mælt rétt neðan yfirfalls Laxárvatns.

Rennsli frá Laxárvatnsvirkjun var mælt um 10 m neðan stöðvarhúss. Mælistaðnum var gefið númerið V2490 í staðarnúmerakerfi Vatnamælinga. Eftirfarandi eru niðurstöður þeirra rennslismælinga:

Við 200 kW framleiðslu var rennslið 1,43 m³/s

Við 400 kW framleiðslu var rennslið 2,43 m³/s

Rennsli Laxár á Ásum var mælt 400 m neðan yfirfalls og laxastiga við Laxárvatn. Mælistaðnum var gefið númerið V2491 í staðarnúmerakerfi Vatnamælinga. Aðstæður við yfirfallið voru eftirfarandi:

Yfirfall: 3 planka vantaði upp á að aðalyfirfallið væri lokað. Aðeins vætlaði um aðra hluta stíflunnar (sjá meðfylgjandi myndir).

Laxastigi: Að hálfu opinn

Vatnshæð skv Rarik: $W = 186$ cm

(Ath. sléttfullt vatn skv. VM er 177 cm en skv. Rarik 180 cm)

Niðurstaða rennslismælingarinnar var eftirfarandi

Við framangreindar aðstæður var rennslið 0,87 m³/s

Reiknað var út úr rennslismælingunum og þær varðveittar í gagnavinnslukerfinu GALVOS.

